

Ed.

155. Nefndarállt

um frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leyfir sjer að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Maður sá, er ræðir um að veita ríkisborgararjett í frv., kom hingað til landsins árið 1903 og hefir átt heimilisfang hjer síðan. Hann talar og ritar íslenska tungu og hefir kynt sig hið besta. Borgarstjórinn hjer í bænum hefir lýst því yfir í brjefi til nefndarinnar, dags. 10. þ. m., að hann geti ekki sjeð neitt athugavert við, að honum verði veitt ríkisborgararjettindi hjer í landi, og þar sem hann, eins og tekið er fram í athugasemdunum við stjórnarfrv., hefir mist ríkisborgararjettindi í föðurlandi sinu, eftir þarlendum lögum, vegna hinnar löngu búsetu utan ríkisins, og hefir óskað eftir að fá slík rjettindi hjer, virðist alt mæla með því, að hann fái þá ósk uppfylta.

Alþingi, 14. mars 1921.

Sigurjón Friðjónsson,
form.

Sig. Eggerz,
fundaskrifari.

Jóh. Jóhannesson,
ritari.